



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 9. janúar 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV sat fundinn undir 2. dagskrárlíð.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi og það sem framundan er. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

2. Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV kynnir starfsemi samtakanna

Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV kynnti starfsemi og hlutverk SSNV og fór yfir áherslur samtakanna og verkefni. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða kynningu.

3. Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá uppfærð Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar 2023 sem lögð var fram til samþykktar. Áætlunin var samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

4. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

Fundarhlé tekið kl. 10:10

Fundur hófst aftur kl. 11:00

5. Bréf

a. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra dags. 27. janúar 2023

Efni: Umsagnarbeiðni – tækifærisleyfi Þorablót



Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna tækifærisleyfis.

Umsækjandi: Kvenfélagið Eining

Ábyrgðarmaður: Dagný Hildur Þorgeirsdóttir

Staðsetning skemmtanahalds: Félagsheimilið Fellsborg

Tílefni skemmtanahalds: Þorrablót

Áætlaður gestafjöldi og aldursdreifing: 250 og 16-99

Tímasetning viðburðar: 18. febrúar 2023

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu á framangreindu leyfi svo framarlega sem jákvæðar umsagnir þar til bærri aðila liggja fyrir við útgáfu leyfis.

b. Umhverfisstofnun dags. 1. nóvember 2022

Efni: Tilnefning í Vatnasvæðanefnd

Með erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa sinn og annan til vara í vatnasvæðanefnd með tilvísan til 6. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Lögð fram tillaga um að skipa Guðbjörgu Evu Guðbjartsdóttur sem fulltrúa í nefndinni og Erlu Maríu Lárusdóttur til vara. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir

a. Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 7. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 7. febrúar 2023. Undir 1. dagskrárlið *Lántaka vegna Sæborgar* kemur fram samþykki stjórnar vegna lántöku til að fjármagna framkvæmdir á húsnæði Sæborgar sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun 2023. Til tryggingar skilvísun og skaðlausum greiðslum umrædds láns ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja eigendur til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Afgreiðsla sveitarstjórnar og staðfesting ábyrgðar:

Ákvörðun um að veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá Lánasjóði sveitarfélaga:



Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Félags- og skólaþjónustu A- Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 20.000.000,- með lokagjalddaga þann 20.mars 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við húsnaði Félag- og skólaþjónustu A- Hún sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Alexöndru Jóhannesdóttir sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Bókun borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Að öðru leyti var fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar SSNV dags. 10. janúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 20. janúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun sem sveitarstjórn tók samhljóða undir:



Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hvetur hæstvirtan Innviðaráðherra til að tryggja fjármögnun á löngu nauðsynlegum endurbótum á Blönduósflugvelli í endurskoðaðri samgönguáætlun.

Blönduósflugvöllur er eini flugvöllurinn á milli fjallveganna um Holtavörðuheiði og Þverárfjall/Vatnsskarð. Hann gegnir því afar mikilvægu öryggishlutverki fyrir íbúa og vegfarendur Húnavatnssýslna þegar alvarleg slys eða veikindi ber að höndum. Sérstaklega á þetta við þegar færð um fjallvegi spillist og ekki er hægt að tryggja öryggi fólks með öðrum hætti en sjúkraflugi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir